

## Samþykkt um stöðu samningamála

Fimmta þing Kennarasambands Íslands, haldið í Reykjavík dagana 6. til 8. apríl 2011 lýsir yfir megnri óánægju með stöðu samningamála félaga innan KÍ. Það er erfitt að skilja hvernig viðsejendur félagsmanna KÍ geta réttlætt það fyrir sjálfum sér og öðrum að brátt eru liðin 2 ár frá því að samningar u.þ.b. 80% félagsmanna KÍ runnu út. Hér er um að ræða félagsmenn í leik-, grunn- og tónlistarskólum með samninga við sveitarfélögin. Félagsmenn KÍ í framhaldsskólum hafa einnig verið samningslausir við ríkið svo mánuðum skiptir og krefst þingið þess að úr verði bætt án tafar.

Þingið lýsir ábyrgð á hendur forystu ríkis og sveitarfélaga fyrir að sýna starfsfólki sínu þá lítilsvirðingu sem raun ber vitni og fram koma í ofanrituðum staðreyndum.

Kaupmáttur launa hefur hríðfallið síðustu misseri á sama tíma og fólk hefur í mörgum tilfellum þurft að sætta sig við lækkað starfshlutfall. Þetta gerist á sama tíma og skattar og aðrar álögur hafa verið hækkaðir á millitekjuhópa. Nú er svo komið að lengra verður ekki gengið í þessum efnum. Félagsmenn KÍ hafa unnið við gríðarlega erfiðar aðstæður allt frá því að efnahagskerfi þjóðarinnar hrundi haustið 2008. Það er óviðunandi, svo ekki sé meira sagt, að þessi sami hópur skuli þurfa að lifa við þá vanvirðingu frá hendi vinnuveitenda að ekki skuli hafa verið samið um kaup og kjör við hann í hart nær tvö ár.

Þingið krefst þess að þegar í stað verði hafist handa við raunverulega kjarasamningagerð og að gengið verði frá kjarasamningum án frekari tafa.